

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2005

frá 29. apríl 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2005 frá 11. mars 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 746/2004 frá 22. apríl 2004 um aðlögun tiltekinna reglugerða um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum vegna aðildar Tékklands, Eistlands, Kýpur, Lettlands, Litháens, Ungverjalands, Möltu, Póllands, Slóveníu og Slóvakíu að Evrópusambandinu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 344, 20.11.2004, bls. 40.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32004 R 0746:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 746/2004 frá 22. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 122, 26.4.2004, bls. 10) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 344, 20.11.2004, bls. 40.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 746/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 344, 20.11.2004, bls. 40, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. apríl 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 28.7.2005, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 38, 28.7.2005, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 122, 26.4.2004, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.